

3) 15. nóvember 1932 var hann í sama rétti dæmdur í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaganna.

4) Hinn 7. marz 1933 var hann í sama rétti dæmdur í 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 4000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaganna.

Framangreint brot kærða varðar 6. gr., sbr. 30. gr. áfengisлага nr. 64, 1930. Með hliðsjón af því, að kærði er nú í fimmta sinn sekur um ólöglega áfengisbruggun þykir samkvæmt fyrirmælum 30. greinar áfengislaganna ekki hjá því komizt, að dæma hann auk sektar, í hegningarvinnu. Að þessu athuguðu þykir refsing kærða hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 8 mánuði og 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 95 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Tunnu þá, sem kærði bruggaði í, ber að gera upptæka til ríkissjóðs, en þar sem brugginu hefir þegar verið helzt niður, þarf ekki að kveða á um meðferð þess. Loks ber að dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 27. sept. 1933.

Nr. 17/1933. **Réttvísni** (Lárus Fjeldsted)  
gegn

**Kristjáni Sigurmundssyni og Jóni Jónssyni** (Guðm. Ólafsson).

Brot gegn 255. og 259. gr. h. alm. hegningarlaga.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 5. dez. 1932:* Ákærður, Jón Jónsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli. Ákærður, Kristján Sigurmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga og greiði allan kostnað sakarinnar. En fangelsisrefsingunni skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms

Þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sé í því máli dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu réttvísinnar, að því er snertir báða hina ákærðu.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, er ekki fram komin í málinu sönnun fyrir því, að ákærði, Kristján Sigurmundsson, hafi falsað nafn Steinunnar P. Bentsdóttur undir yfirlýsingu þeirri, dags. 29. febr. 1932, er getur um í hinum áfrýjaða dómi, og ber því að staðfesta aukaréttardóminn að þessu leyti.

Meðferð ákærða, Kristjáns, á veðskuldarbréfi Steinunnar P. Bentsdóttur, dags. 27. febr. 1932, sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, verður að teljast refsiverð samkvæmt 255. gr. hinna almennu hegningarlaga, og ákveðst refsing hans 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar samkv. lögum nr. 39/1907 og niður skal hún falla, ef skilorð þeirra laga eru haldin.

Eftir að ákærði, Kristján Sigurmundsson, hafði fengið umboð þeirra Steinunnar Bentsdóttur og föður hennar, Bents Bjarnasonar, til að selja skuldarbréf Steinunnar, gaf hann meðákærða, Jóni Jónssyni, hinn 12. marz 1932, umboð til þess að selja veðbréf þetta, og hefir umboðið verið lagt fram í málinu. Af ýmsu, er fram er komið í rannsókn málsins, þykir mega gera ráð fyrir því, að ákærða, Jóni Jónssyni, hafi verið það ljóst, að Kristján

var ekki sjálfur eigandi bréfsins, heldur að hann einungis hafði það í höndum til að reyna að selja það fyrir þau Steinunni og Bent, en með því að það þykir eigi nægilega upplýst í málinu, að ákærða, Jóni Jónssyni, hafi verið kunnugt um með hvaða skilyrðum Kristján mátti selja bréfið, þykir varhugavert að dæma Jón sekan um hlutdeild í afbroti Kristjáns. Hinsvegar hafði Jón tekið á móti umboði til þess að útvega kaupanda að bréfinu, og með því að hann hafði fengið kaupanda að því, þá er hann gerði Kristjáni tilboð um að kaupa sjálfur bréfið, var honum skylt að láta Kristján vita með hvaða kjörum hann gat selt bréfið. Í þess stað leyndi ákærður, Jón, eftir því, sem hann sjálfur segir, Kristjáni þessu og fékk hann til að selja sér bréfið með öðrum og lakari kjörum en honum stóð til boða að selja það. Þessi verknaður ákærða, Jóns Jónssonar, verður að teljast refsiverður eftir 259. gr. hinna almennu hegningarlaga og ákveðst refsing hans 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hinum ákærðu ber in solidum að greiða allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera :

Ákærði, Kristján Sigurmundsson, á að sæta 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar samkv. lögum nr. 39/1907 og niður skal hún falla, ef skilorð téðra laga eru haldin.

Ákærði, Jón Jónsson, á að sæta 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hinir ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflytningu- og verkjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningu- og verkjanda, Lárusar Fjeldsted og Guðmundar Ólafssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn þeim Kristjáni Sigurmundssyni, kaupmanni, Þingholtsstræti 5, fyrir brot gegn ákvæðum 26. og 27. kaþítula hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og Jóni Jónssyni kaupmanni, Laugaveg 28, fyrir brot gegn nefndum 26. kaþítula alm. hegningarlaga og lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfnni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

Í febrúarmánuði s. l. tókst ákærður, Kristján, á hendur að selja veðskuldarbréf að upphæð kr. 12000.00 fyrir Steinunni Petrónellu Bentsdóttur, Lokastíg 14 hér í bænum. Var veðskuldarbréfið útgefið til handhafa af nefndri Steinunni 27. febrúar 1932, með 1. veðrétti í húseign hennar á Lambastaðatúni á Seltjarnarnesi, sem þá var í smíðum. Í yfirlýsingu undirskrifaðri af ákærðum, Kristjáni, dags. 29. febr. 1932, viðurkennir hann að hafa móttekið veðskuldabréfið til sölu, án þess að hafa greitt það, og skuldbindur sig til að skila Steinunni því aftur eða andvirði þess með kr. 6000.00 í peningum og „rest í vörum“. Ennfremur hefir Kristján lagt fram umboð, dags. 29. febrúar 1932, með nafni Steinunnar undirrituðu, þar sem hún felur honum að selja nefnt bréf og afhenda sér fyrir það 7700 krónur í peningum og 4300 kr. í vörum samkvæmt lista með verði þeirra. Hefir Steinunn neitað því að

hafa skrifað nafn sitt undir umboð þetta, eins og síðar verður gefið nánar.

Hinn 6. apríl s. l. kom ákærður, Kristján, til Bents Bjarnasonar, föður Steinunnar, og afhenti honum yfirlýsingu frá Ólafi Magnússyni, kaupmanni í Fálkanum við Laugaveg hér í bænum, um að hann myndi greiða allt að kr. 5450.00 gegn ávísunum er Bent gefi út fyrir efni og annað, sem keypt verði til þess að fullgjöra hina veðsettu húseign. Hafði Steinunn daginn áður (5. apríl) gefið út yfirlýsingu um það, að hún undirgengist að kr. 5500.00 af andvirði bréfsins gengi til þess að fullgjöra húsið. Ennfremur afhenti Kristján Bent 265 krónur í peningum og vörur í kassa. Taldi hann sig þar með hafa greitt andvirði veðskuldabréfsins samkvæmt yfirlýsingu sinni frá 29. febrúar. Bent neitaði hinsvegar þegar að taka þessa greiðslu gilda, því hann teldi vörurnar í kassanum hvergi nærri þess virði, sem tilskilið var. Hafði hann áður séð sýnishorn af vörum frá Kristjáni og verðlista yfir þær, sem hann gat fellt sig við, en hinar afhentu vörur kveður hann ekki svara til sýnishornanna, bæði vera aðrar og verri vörur og verðið herra. Við eftirgrenslan Bents kom í ljós að Kristján hafði selt veðskuldabréfið og gat ekki skilað því aftur. Kærði Bent hann þá fyrir sviksamlegt athæfi við sölu bréfsins.

Í málinu er það upplýst að nefnt veðskuldabréf var selt fyrnefndum Ólafi Magnússyni fyrir milligöngu ákærðs, Jóns Jónssonar. Galt Ólafur fyrir það ofanefnda yfirlýsingu um að ávísu megi á sig kr. 5450.00, 1000 kr. í peningum, 1 veðdeildarbréf að nafnverði kr. 1500.00, en sem ákærður Jón telur seljanlegt fyrir kr. 1050.00 og kr. 150.00 með loforði um vöruúttekt hjá sér fyrir þeirri upphæð. Ennfremur reiknaði hann kr. 50.00 fyrir þinglýsingu og stimplun. Framangreint andvirði frá Ólafi gekk til ákærðs Jóns Jónssonar, er einn átti skiptin við hann. Hinsvegar galt Jón Kristjáni fyrir bréfið: Ofanefnda yfirlýsingu Ólafs kr. 5450.00, 700 kr. í peningum og vörur, er þeirra á milli voru reiknaðar kr. 6300.00 (sbr. réttarhald 10. maí), en sem ákærður Jón hefir viðurkennt fyrir réttinum, að muni ekki hafa verið meira en 1000—1250 kr. virði (sbr. réttarhald 15. sept.). Þegar Kristján greiddi Bent fyrir hönd Steinunar samkvæmt framansögðu hélt

hann eftir sem þóknun handa sér kr. 435.00 í peningum og ennfremur samkvæmt viðurkenningu hans sjálfs vörum fyrir 307 krónur.

Samkvæmt mati tveggja manna, er útnefndir voru af lögregluréttinum til þess að meta vörur þær, er Kristján afhenti Bent 6. apríl, eru þær, miðað við útsöluverð, líkra eða samskonar hluta, virtar á kr. 903.10, en að dómi matsmanna „ókurant“, þ. e. lítt seljanlegar.

Skal þá fyrst athugaður verknaður ákærðs Kristjáns í sambandi við sölu veðskuldabréfsins.

Eins og áður er getið, skuldbatt Kristján sig til þess með yfirlýsingunni 29. febr., að skila annaðhvort bréfinu aftur eða andvirði þess með kr. 6000 í peningum og að því er skilja verður yfirlýsinguna með kr. 6000 í vörum, sbr. einnig umboð það, dags. sama dag, er Kristján hefir lagt fram, rskj. nr. 7. Afföll á bréfinu og þóknun til Kristjáns hefir því sjáanlega átt að fást með ágóða á vörunum. Ætla má að ráð hafi verið fyrir því gert að vörurnar yrðu reiknaðar hærra verði en almennt gerist og styður samþykki Bents á því að taka við vörum samkvæmt verðlista þeim, er Kristján sýndi honum fyrst, þá skoðun. En Kristjáni hlaut að vera það ljóst, að vörur þær, er hann kom með til Bents, fullnægðu hvergi nærri því verði, sem Steinunn mátti vænta fyrir bréfið, auk þess sem dregið var af upphæð þeirri, sem greiddast átti í peningum. Hann hlaut og að sjá, að greiðsla sú, er hann fékk fyrir bréfið frá ákærðum Jóni var langt frá því að vera nægileg greiðsla til Steinunnar samkvæmt yfirlýsingu hans frá 29. febr., og var honum því óheimilt að afhenda öðrum bréfið til fullrar eignar, þannig að eignarréttur Steinunnar á bréfinu glataðist. Þareð honum var falið bréfið til afhendingar verður ekki talið að þetta réttarbrot hans sé refsivert eftir beinum orðum 255. gr. alm. hegningarlaga, en það er svo áþekkt þeim brotum, sem þar er um rætt, að telja verður það refsivert eftir 259. gr. hegningarlaganna.

Eins og fyr er getið lagði Kristján fram í réttinum umboð, dags. 29. febrúar 1932, undirskrifað „Steinunn P. Bentsdóttir“. Steinunn hefir neitað því að hafa skrifað nafnið, sem þó líkist mjög nafni hennar eins og hún skrifar það. Kristján hefir eindregið neitað því að hafa skrifað nafnið, kveður Steinunni hafa skrifað það sjálfa.

Menn þeir, sem skrifað hafa sem vottar undir skjal þetta, hafa kannast við undirskriftir sínar, en hafa ekki séð Steinunni undirskrifa það. Umboð þetta hefir ákærður Kristján aldrei notað neitt, fyr en hann leggur það fram í réttinum 14. maí. Engin tók hafa verið á því hér að láta rithandarfræðing athuga undirskriftina. Gegn eindregnum mótmælum ákærðs verður það ekki talið sannað að nafn Steinunnar sé falsað á skjali þessu. Verður því að sýkna ákærðan Kristján af ákæru réttvisinnar fyrir brot gegn ákvæðum 27. kapitula hegningarlaganna.

Að því er snertir ákærðan, Jón Jónsson, þá er hann milligöngumaður við sölu bréfsins til Ólafs Magnússonar. Gegn mótmælum hans er ekki sannað, að honum hafi verið um annað kunnugt en Kristján hefði heimild til að ráðstafa bréfinu á þann hátt, sem hann gerði samkvæmt framansögðu. Og þar sem Kristján var samþykkur því verði, sem Jón gaf fyrir bréfið, og tók gildar þær vörur, sem að nokkru leyti komu fyrir það, verður ekki talið, að hann hafi til refsingar unnið fyrir þessa milligöngu sína, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar í þessu máli.

Bent Bjarnason hefir gert þá kröfu fyrir hönd dóttur sinnar, Steinunnar Petrónellu, að ákærður Kristján skili veðskuldabréfinu gegn afhendingu vara þeirra og peninga, sem Bent hafði tekið á móti. En á þá kröfu verður enginn dómur lagður í þessu máli.

Ákærður, Kristján Sigurmundsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. september 1905. Honum hefir ekki verið refsað áður. Framangreint afbrot hans ber að áliti dómarans samkvæmt framansögðu að heimfæra undir 259. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

En með því að hér er um fyrsta afbrot að ræða þykir mega ákveða, að fangelsisrefsing hans skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð 1. gr. laga nr. 39 1907 eru haldin.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, sem stafar af annriki dómarans.